

Hvert er markmiðið?

Markmiðið er að hjálpa þátttakendum að tileinka sér hagnýtan bókhaldsgrunn sem nýtist við daglegt bókhald. Aðáherslan er lögð á undirstöðuskilning á bókhaldi sem er síðan hægt að byggja ofan á.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið hentar þeim sem vilja standa á eigin fótum og færa sitt daglega bókhald sjálfir. Oft er viljinn fyrir hendi en bókhaldsumhverfið getur stundum verið mjög flókið og vaxið mönnum í augum.

Námskeiðið hentar líka þeim sem hafa unnið við ákveðnar hliðar bókhalds en finnst vanta upp á heildarmyndina.

Það er kostur að hafa einhverja undirstöðu í bókhaldi og hafa jafnvel tekið einn bókhaldsáfangna í grunn- eða framhaldsskóla, en það er þó ekki skilyrði fyrir þátttöku. Reynsla af stjórnun og rekstri fyrirtækis telst líka sem undirstaða.

Hvað verður tekið fyrir?

Farið verður yfir einföld grundvallaratriði og þumalputtareglur og hagnýtir hlutir eins og afstemmingar verða kynntir.

Bókhaldslögin verða skoðuð í samhengi við námsefnið og ítarefni kynnt svo að þátttakendur geta stjórnað því sjálfir hversu djúpt þeir fara í efnið.

Að lokum verður leitast við að tengja þennan grunnskilning við raunveruleikann og verður Netbókhaldið notað til þess.

Það verður því ekki lögð áhersla á bókhaldskerfið til að byrja með heldur verður einblínt á skilninginn fyrst og fremst og aðferðir til að bæta við þann skilning.

Þátttakendur þurfa að gera ráð fyrir heimaverkefnum.

Athugið að ekki verður kennt sérstaklega á kerfið sjálft á þessu námskeiði. Þátttakendum er bent á námskeið í notkun Fjárhagskerfis sem er haldið reglulega og er innifalið í áskrift.

Staður

Námskeiðið er haldið hjá okkur, í Kringlunni 4-12 (8.hæð í stóra turninum).

Tími

Þetta er 12 klst. námskeið sem skiptist í 4 skipti, 3 klst í senn.

ATH! Aðeins er pláss fyrir 8 þátttakendur á hverju námskeiði

Verð

Námskeiðið kostar 19.900 kr. Öll námsgögn eru innifalin.

Sendir verða út greiðsluseðlar og þurfa þeir að vera greiddir í síðasta lagi viku fyrir námskeiðið. Ef greiðsla hefur ekki borist fyrir þann tíma verður viðkomandi tekinn af skráningarlista og þeim sem eru á biðlista boðið sætið í staðinn.

Athugið að flest stéttarfélög og starfsmenntasjóðir styðja félagsmenn sína. Leitaðu upplýsinga hjá þínu stéttarfélagi.

Atvinnuleitendur og öryrkjar fá 75% afslátt.

Sendi þarf staðfestingu frá Vinnumálastofnun/Tryggingastofnun svo að afslátturinn gildi.

Umsagnir þátttakenda:

"Veglegt og vandað námskeið sem kemur virkilega að góðum notum að mínu mati."

"Námskeiðið var mjög góður grunnur fyrir vinnuna í Netbókhaldi. Hefði gjarnan viljað taka það á undan Netbókhalds-námskeiðunum :) En ég græddi helling, takk kærlega fyrir mig."

"Leiðbeinandinn var sérstaklega þægileg, hún Eva María, útskýrði vel, og aldrei óþolinmóð ef maður náði þessu ekki strax ;-)"

"Mjög ánægð með þetta námskeið. Hefur aukið öryggi mitt við að færa bókhald. Mjög góður kennari og gott námsefni."

"Það var mjög gott að fá heimaverkefni með raunverulegum reikningum. Stóðst alveg mínar væntingar."

"Vel kennt og skipulagt en fór full hægt af stað."

"Ánægður með þetta námskeið :)"

[SKRÁ MIG](#)